

Veraldarvinir í Krýsuvík

Til : Helga Stefánsdóttir
Frá : krh41@hi.is
Heiti : Veraldarvinir í Krýsuvík
Málsnúmer : 1709606
Málsaðili : Veraldarvinir, áhugamannafélag
Skráð dags : 13.09.2017 12:16:37
Höfundur : krh41@hi.is

Sæl Helga

Hann Ismael benti mér á að hafa samband við þig. En við hjá Veraldarvinum höfum hug á að vinna í sjálfböðavinnu fyrir Hafnarfjarðarbæ. Og Krýsuvíkin og svæðin þar í kring eru ákjósanleg fyrir okkur. En við höfum hug á að fá inni fyrir sjálfböðaliðana í húsunum sem eru norðan við Krýsuvíkurskóla.

Við getum útvegað fjöldann allan af sjálfböðaliðum sem vinna verk undir handleiðslu þeirra sem vel til verka kunnar. Við getum hugsað okkur að hreinsa strandlengju, gera göngustíga, stíka stíga og jafnvel hafa eftirlit með svæðum, safnað rusli o.s.frv. Við getum verið með nokkra hópa eða fáeina einstaklinga. Vinnuafli okkar er ungt fólk sem hefur oft þá kröfu eða þá hefð frá fjölskyldu sinni, að vinna sem sjálfböðaliði í hálfu ári eða lengur.

Veraldarvinir þurfa að fá 1000 krónur fyrir hvern einstakling í matarpening fyrir hvern unninn starfsdag. Um flutninga starfsmenna til og frá vinnusvæði sjáum við sjálf. En við þurfum húsnæði, sem má vera lélegt og þarfnast endurbóta. Okkar fólk vill fá að vera í ýmiskonar húsnæði og það er viljugt að taka til hendinni við endurbætur.

Verkefni sem til greina kemur að Veraldarvinir vinni fyrir sveitafélög eru af ýmsum toga en ávallt er hugsunin sú að verið sé að vinna verk sem annars yrði erfitt að fá fólk til að vinna. Alltaf er hugað að því að ekki megi sjálfböðaliðastörfin skarast við það sem annars væri hægt og eðlilegt að vinna í launavinnu. En þannig er vinnan ávallt í þágu samfélagsins sem heildar en ekki hugsuð sem hagur einstaklinga eða hagnaður fyrirtækja. Störf sem þykja afar óhagkvæm á peningalega sviðinu og krefjast þess að fólk vinni með höndum en aðkoma vélarafli er nær óhugsandi, slík störf falla vel undir þá samfélagsþjónustu og það sjálfböðaliðastarf sem Veraldarvinir sinna.

Kveðja,
Kristján Hreinsson
8980676